

Reglugerð um breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 540/2017.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. gr. reglugerðarinnar:

3. mgr. orðast svo: Langtímavegabréfsáritun felur í sér heimild til dvalar hér á landi í allt að 90 daga og skal útlendingur sem sækir um slíka áritun vera staddur hér á landi nema annað sé tekið fram í reglugerð þessari. Dvöl útlendinga þegar sótt er um slíka áritun skal vera í samræmi við 49. gr. útlendingalaga nema annað sé tekið fram. Langtímavegabréfsáritun er einungis heimilt að gefa út einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili.

2. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein sem verður 5. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er að veita útlendingi sem er undanþeginn áritunarskyldu langtímavegabréfsáritun í allt að 180 daga til að stunda hér á landi fjarvinnu saki hann um slíka áritun áður en hann kemur til landsins. Sé útlendingur kominn til landsins þegar sótt er um langtímavegabréfsáritun í þeim tilgangi að stunda hér á landi fjarvinnu er heimilt að veita hana í allt að 90 daga.

Heimilt er að veita útlendingi sem er undanþeginn áritunarskyldu langtímavegabréfsáritun til þess að dvelja með maka sínum sem dvelur hér á landi í samræmi við 1. mgr. Um það hver telst maki samkvæmt ákvæði þessu fer eftir 69. gr., sbr. 70. gr. laga um útlendinga.

Heimilt er að veita barni sem er yngri en 18 ára og er undanþegið áritunarskyldu langtímavegabréfsáritun ef foreldri dvelur hér á landi á grundvelli 1. mgr. eða 2. mgr. Um skilgreiningu á því hvað er barn samkvæmt ákvæði þessu fer eftir 69. gr., sbr. 71. gr. laga um útlendinga.

Útlendingur sem sækir um langtímavegabréfsáritun samkvæmt 1. mgr. skal auk almennra skilyrða sýna fram á erlendar tekjur sem samsvara kr. 1.000.000 á mánuði.

Í þeim tilvikum þegar útlendingur sækir um langtímavegabréfsáritun samkvæmt 2. mgr. þarf auk almennra skilyrða að sýna fram á að sá sem fékk áritun samkvæmt 1. mgr. hafi erlendar tekjur sem samsvara kr. 1.300.000 á mánuði.

Í þeim tilvikum þegar sótt er um langtímavegabréfsáritun samkvæmt 3. mgr. þarf auk almennra skilyrða að sýna fram á staðfestingu á því að barn á skólaskyldueldri skv. íslenskum lögum fái kennslu frá skóla í heimaríki eða skóla á Íslandi sem hefur samþykkt að taka við barninu eða með heimakennslu.

Með fjarvinnu skv. 1. mgr. er átt við skipulag og framkvæmd vinnu með notkun upplýsingatækni þar sem vinna sem einnig væri hægt að inna af hendi á starfsstöð erlendis er unnin utan þeirrar starfsstöðvar hér á landi. Þeim sem sinnir fjarvinnu, sbr. 1. mgr., er óheimilt að starfa í þágu innlendra aðila eða starfa á annan hátt á innlendum vinnumarkaði.

Sé fjarvinnu sinnt í þágu erlends vinnuveitanda skal viðkomandi útlendingur sýna fram á staðfestingu frá vinnuveitanda um að honum sé heimilt að inna starf sitt af hendi hér á landi.

Sé fjarvinnu sinnt af sjálfstætt starfandi einstaklingi skal hann sýna fram á að hann sé sannanlega sjálfstætt starfandi í því landi sem hann hefur fasta búsetu eða starfar alla jafna.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 21. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 27. október 2020.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.